

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 131/2009 fyrir Listahátíð í Reykjavík, með síðari breytingum.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

2. gr. orðist svo:

Markmið Listahátíðar er að efla menningar- og listalíf á Íslandi, almenningi til heilla. Verði hagnaður af starfsemi stofnunarinnar þá verður honum varið í þágu þessa markmiðs.

Hlutverk Listahátíðar er að skipuleggja og standa að listahátíðum í Reykjavík á sviði tónlistar og söngs, leik- og danslistar, bókmennta, myndlistar, hönnunar og fleiri listgreina annað hvert ár. Hafa skal metnaðarfulla listsköpun að leiðarljósi og kappkosta að tefla fram framúrskarandi listafólki af hinu alþjóðlega sviði og því besta sem býr í listmenningu þjóðarinnar. Sérstaka áherslu ber að leggja á nýsköpun og aðra þá þætti íslenskrar menningar sem skapa henni sérstöðu í samfélagi þjóðanna.

5. gr. orðist svo:

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Stjórnarfundur er ályktunarbær ef formaður og a.m.k. annar hinna stjórnarmannanna sækir hann.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og fjárreiðum og samþykkir fjárhagsáætlanir.

Stjórn setur sér starfsreglur til að starfa eftir.

Stjórnin ákveður, að fenginni tillögu listræns stjórnanda, hvenær listahátíð hvers árs skuli haldin og hvaða megin sjónarmið skuli viðhöfð við skipulagningu og framkvæmd hvernar hátíðar.

Stjórnin ræður listrænan stjórnanda til þess að móta og sjá um framkvæmd dagskrár fyrir hverja hátíð. Listrænn stjórnandi ber ábyrgð gagnvart stjórn á öllum rekstri Listahátíðar í listrænu og fjárhagslegu tilliti. Listrænn stjórnandi ræður framkvæmdastjóra í samráði við stjórn, til þess að annast daglegan rekstur stofnunarinnar í umboði hans.

Þarf samþykki allra stjórnarmeðlima til ráðningar þessara aðila.

Allar meiriháttar fjárskuldbindingar stofnunarinnar eru háðar samþykki stjórnar.

6. gr. orðist svo:

Listrænn stjórnandi er yfirmaður Listahátíðar í fullu starfi. Hann er ráðinn af stjórn til allt að fjögurra ára í senn. Stjórn er heimilt að endurráða stjórnanda einu sinni í allt að fjögur ár án auglýsingar. Starf listræns stjórnanda skal auglýst í fjölmiðlum þegar það er laust til umsóknar. Í ráðningarsamningi stjórnandans skal kveðið nánar á um starfskjör og starfstíma.

Listrænn stjórnandi mótar dagskrá hvernar hátíðar og er ábyrgur fyrir framkvæmd hennar gagnvart stjórn. Stjórnandinn skal leggja fjárhagsáætlun hvernar hátíðar fyrir stjórn til samþykktar og er hann ábyrgur fyrir framkvæmd hennar gagnvart stjórninni.

Listrænn stjórnandi ræður starfsfólk til stofnunarinnar að fengnu samþykki stjórnar.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Listahátíð í Reykjavík, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 27. janúar 2017,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.